

Ár 2010, sunnudaginn 13. júní kl: 17:00 kom bæjarstjórn Hveragerðis saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar, Sunnumörk 2, Hveragerði.

Fundinn sátu, Eyþór H. Ólafsson, Unnur Þormóðsdóttir, Guðmundur Þór Guðjónsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Ninna Sif Svavarsdóttir, Róbert Hlöðversson og Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir.

Ennfremur sat fundinn Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri, sem ritaði fundargerð í tölvu.

Aldís Hafsteinsdóttir, en hún á að baki lengsta setu í bæjarstjórn, setti fund. Þetta er fyrsti fundur nýkjörinnar bæjarstjórnar að afloknum kosningum sem fram fóru 29. maí 2010.

Leitaði hún eftir athugasemdum um fundarboð en engar komu fram. Í upphafi fundar voru nýir bæjarfulltrúar boðnir velkomnir.

Dagskrá:

1. Fundargerðir kjörstjórnar frá 28., 29. og 31. maí 2010.
2. Kosning forseta- og varaforseta í bæjarstjórn skv. 15. gr. samþykktar um stjórn Hveragerðisbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar.
3. Kosning ritara skv. 16. gr. samþykktar um stjórn Hveragerðisbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar.
4. Kosning í bæjarráð skv. 44. gr. samþykktar um stjórn Hveragerðisbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar.
5. Kosning í nefndir, ráð og stjórnir skv. 57. gr. samþykktar um stjórn Hveragerðisbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar.
6. Ráðning bæjarstjóra og ákvörðun um staðgengil bæjarstjóra, skv. 59. og 60. gr. samþ. um stjórn Hveragerðisbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar.
7. Ungmennaráð.
8. Lagning gervigrasvallar við Grýluvöll (dagskrárliður að ósk A-lista).
9. Atvinnumálanefnd (dagskrárliður að ósk A-lista).

Hér var gengið til dagskrár.

1. Fundargerðir kjörstjórnar frá 28., 29. og 31. maí 2010.**Fundargerð kjörstjórnar frá 28. maí 2010.**

Enginn tók til máls.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

Fundargerð kjörstjórnar frá 29. maí 2010.

Enginn tók til máls.

Á kjörskrá voru 1671. Greidd atkvæði voru 1336 eða 80%.

Kosning féll þannig.

A listi A-listinn í Hveragerði 445 atkvæði og 2 menn kjörna.

1. Róbert Hlöðversson
2. Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir

Til vara:

- Njörður Sigurðsson
Halldóra Guðlaug Steindórsdóttir

D listi Sjálfstæðisfélags Hveragerðis 804 atkvæði og 5 menn kjörna.

1. Eyþór H. Ólafsson
2. Unnur Þormóðsdóttir
3. Guðmundur Þór Guðjónsson.
4. Aldís Hafsteinsdóttir
5. Ninna Sif Svavarsdóttir

Til vara:

Lárus Kristinn Guðmundsson
Elínborg Ólafsdóttir
Friðrik Sigurbjörnsson
Hjördís Harpa Guðlaugsdóttir
Hafþór Vilberg Björnsson.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

Fundargerð kjörstjórnar frá 31. maí 2010.

Enginn tók til máls.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

2. Kosning forseta- og varaforseta í bæjarstjórn skv. 15. gr. samþykktar um stjórn Hveragerðisbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar.

Kosning forseta bæjarstjórnar.

Unnur Þormóðsdóttir fékk 5 atkvæði, tveir seðlar auðir. Unnur Þormóðsdóttir er því kjörin forseti bæjarstjórnar. Unnur tók síðan við fundarstjórn.

Kosning varaforseta bæjarstjórnar.

Ninna Sif Svavarsdóttir fékk 5 atkvæði, tveir seðlar auðir. Ninna Sif Svavarsdóttir er því kjörin varaforseti.

3. Kosning ritara skv. 16. gr. samþykktar um stjórn Hveragerðisbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar.

Kosning ritara.

Stungið var upp á Eyþóri H. Ólafssyni sem ritara. Samþykkt með 7 atkvæðum.

Kosning vararitara.

Stungið var upp á Guðmundi Þór Guðjónssyni sem vararitara. Samþykkt með 7 atkvæðum.

4. Kosning í bæjarráð skv. 44. gr. samþykktar um stjórn Hveragerðisbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar.

Kosning þriggja fulltrúa í bæjarráð.

Tillaga kom um aðalmenn:

Guðmundur Þór Guðjónsson
Eyþór H. Ólafsson
Róbert Hlöðversson

Tillaga kom um varamenn.
Ninna Sif Svavarsdóttir
Unnur Þormóðsdóttir
Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir

Tillögurnar samþykktar samhljóða.

5. Kosning í nefndir, ráð og stjórnir skv. 57. gr. samþykktar um stjórn Hveragerðisbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar.

Tillaga kom um eftirtalda aðila í nefndir, ráð og stjórnir:

1. Kjörstjórn.

Aðalmenn:

Inga Lóa Hannesdóttir
Pálína Sigurjónsdóttir
Margrét Haraldardóttir

Tillagan samþykkt samhljóða

Varamenn:

Guðríður Aadnegard
Ragnheiður Elsa Busk
Magnea Árnardóttir

2. Fræðslunefnd:

Aðalmenn:

Ninna Sif Svavarsdóttir
Hjalti Helgason
Lárus Kristinn Guðmundsson
Guðrún Hafsteinsdóttir
Halldóra G. Steindórsdóttir

Tillagan samþykkt samhljóða.

Varamenn:

Aðalheiður Einarsdóttir
Nína Margrét Pálmadóttir
Arnar Ingi Ingólfsson
Geir Guðjónsson
Njörður Sigurðsson

3. Skipulags- og byggingarnefnd:

Aðalmenn:

Eyjólfur Kolbeins
Eyþór H. Ólafsson
Friðrik Sigurbjörnsson
Kristín Dagbjartsdóttir
Njörður Sigurðsson

Tillagan samþykkt samhljóða.

Varamenn:

Björn Kjartansson
Þuríður Gísladóttir
Anton Tómasson
Þorbjörg Elva Óskarsdóttir
Guðrún Friðriksdóttir

4. Velferðarnefnd:

Aðalmenn:

Unnur Þormóðsdóttir
Unnur Kjartansdóttir
Birkir Sveinsson
Eyvindur Bjarnason
Harpa Björnsdóttir

Tillagan samþykkt samhljóða.

Varamenn:

Ragnhildur Hjartardóttir
Þór Hreinsson
Ólafur Hilmarsson
Sigrún Jónsdóttir
Ingibjörg Garðarsdóttir

-
5. Mannvirkja- og umhverfisnefnd:
Aðalmenn: Guðmundur Þór Guðjónsson
Helga Sigurðardóttir
Vilhjálmur Sveinsson
Berglind Sigurðardóttir
Steinar R. Garðarsson
Varamenn: Pétur Reynisson
Ingibjörg Zoega
Lárus Kr. Guðmundsson
Guðrún Magnúsdóttir
Guðný Ísaksdóttir
Tillagan samþykkt samhljóða.
6. Menningar- íþróttá- og frístundanefnd:
Aðalmenn: Eyþór H. Ólafsson
Elínborg Ólafsdóttir
Hafþór Vilberg Björnsson
Hjördís Harpa Guðlaugsdóttir
Heimir Eyvindarson
Varamenn: Kristín Arna Hauksdóttir
Guðríður Aadnegard
Anton Svanur Guðmundsson
Einar Þór Guðmundsson
Hildigunnur Hjörleifsdóttir
Tillagan samþykkt samhljóða.
7. Starfskjaranefnd:
Aðalmenn: Aldís Hafsteinsdóttir
Guðmundur Þór Guðjónsson
Tillagan samþykkt samhljóða.
8. Fulltrúar á aðalfund SASS:
Aðalmenn: Eyþór H. Ólafsson
Unnur Þormóðsdóttir
Guðmundur Þór Guðjónsson
Ninna Sif Svavarsdóttir
Róbert Hlöðversson
Varamenn: Lárus K. Guðmundsson
Elínborg M. Ólafsdóttir
Friðrik Sigurbjörnsson
Hjördís Harpa Guðlaugsdóttir
Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir
Tillagan samþykkt samhljóða.
9. Fulltrúaráð Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands:
Aðalmaður: Eyþór H. Ólafsson
Varamaður: Unnur Þormóðsdóttir
Tillagan samþykkt samhljóða.
10. Fulltrúar á aðalfund Sorpstöðvar Suðurlands bs.
Aðalmaður: Aldís Hafsteinsdóttir
Varamaður: Eyþór H. Ólafsson
Tillagan samþykkt samhljóða.
11. Héraðsnefnd Árnesinga:
Aðalmenn: Guðmundur Þór Guðjónsson
Varamenn: Eyþór H. Ólafsson
-

Aldís Hafsteinsdóttir
Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir
Tillagan samþykkt samhljóða.

Unnur Þormóðsdóttir
Róbert Hlöðversson

12. Fulltrúar á landsþing Sambands Íslenskra Sveitarfélaga:

Aðalmenn:

Aldís Hafsteinsdóttir
Róbert Hlöðversson

Varamenn:

Eyþór H. Ólafsson
Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir

Tillagan samþykkt samhljóða.

13. Kjörnir skoðunarmenn.

Aðalmenn:

Olaf Forberg
Bryndís Sigurðardóttir

Varamenn:

Hjördís Harpa Guðlaugsdóttir
Herdís Þórðardóttir.

Tillagan samþykkt samhljóða.

14. Almannaþingarnefnd:

Bæjarstjóri er fulltrúi í Almannaþingarnefnd Árnessýslu.

Tillagan samþykkt samhljóða

- 6. Ráðning bæjarstjóra og ákvörðun um staðgengil bæjarstjóra , skv. 59. og 60. gr. samþ. um stjórn Hveragerðisbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar.**
Fulltrúar meirihlutans lögðu fram eftirfarandi tillögu.

Forseta bæjarstjórnar og formanni bæjarráðs er hér með falið að ganga til samninga við Aldísi Hafsteinsdóttur um starf bæjarstjóra í Hveragerði. Ennfremur er lagt til að Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri, verði staðgengill bæjarstjóra.

Eyþór H. Ólafsson
Unnur Þormóðsdóttir
Guðmundur Þór Guðjónsson
Aldís Hafsteinsdóttir
Ninna Sif Svavarsdóttir.

Eftirtaldir tóku til máls: Unnur Þormóðsdóttir, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Róbert Hlöðversson, Aldís Hafsteinsdóttir og Eyþór H. Ólafsson.

Tillagan samþykkt með 5 atkvæðum meirihlutans, 2 fulltrúar minnihlutans á móti með eftirfarandi bókun:

Bæjarfulltrúar A-listans greiða atkvæði gegn tillögu sjálfstæðismanna um að Aldís Hafsteinsdóttir verði ráðin bæjarstjóri Hveragerðisbæjar til næstu fjögurra ára með eftirfarandi bókun:

Bæjarfulltrúar A-listans telja það óásættanlegt að handhafi

framkvæmdavaldsins í bæjarfélaginu sé jafnframt bæjarfulltrúi. Til að bæjarstjóri geti starfað fyrir alla bæjarbúa þarf hann að vera pólitískt óháður og því eðlilegt að starfið sé auglýst og bæjarstjóri ráðinn á faglegum forsendum eins og aðrir starfsmenn bæjarins.

7. Ungmennaráð.

Forseti bæjarstjórnar lagði fram eftirfarandi tillögu.

Bæjarstjórn samþykkir að skipa undirbúningshóp er hafi það hlutverk að gera tillögu að stofnun ungmennaráðs, skilgreina hlutverk þess og samsetningu. Tilgangur ungmennaráðs er að vera bæjarstjórn til ráðgjafar um málefni ungs fólks í Hveragerði en stofnun þess er byggð á 11. gr. laga um æskulýðsmál nr. 70/2007. Ennfremur er samþykkt að Friðrik Sigurbjörnsson, Sandra Sigurðardóttir og Sunna Björk Guðmundsdóttir skipi undirbúningshópinn er ljúka skal störfum fyrir 1. september nk.

Tillagan samþykkt samhljóða.

8. Lagning gervigrasvallar við Grýluvöll (dagskrárliður að ósk A-lista).

Fulltrúar A-listans lögðu fram eftirfarandi tillögu:

Bæjarfulltrúar A-listans leggja til að nú þegar verði hafnar framkvæmdir við lagningu gervigrasvallar fyrir knattspyrnu við Grýluvöll í samvinnu við knattspyrnudeild Hamars og þeim lokið í haust.

Greinargerð:

Á bæjarstjórnarfundum í janúar s.l. lögðu bæjarfulltrúar A-listans til að 40 mkr. sem fengust í tjónabætur fyrir Ullarþvottastöðina yrðu nýttar til að koma upp gervigrasvelli fyrir knattspyrnu við Grýluvöll. Meirihluti sjálfstæðismanna samþykkti þessa tillögu. Þar með ákvað bæjarstjórn að þessum fjármunum skyldi varið til þessa verkefnis. Bæjarfulltrúar A-listans telja því að ekkert sé því til fyrirstöðu að hefja framkvæmdir nú þegar.

Róbert Hlöðversson
Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir

Kl. 17:27 var gert fundarhlé.

Kl. 17:40 hélt fundur áfram.

Eftirtaldir tóku til máls: Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir og Unnur Þormóðsdóttir.

Tillagan felld með 5 atkvæðum meirihlutans sem gerðu grein fyrir atkvæðum sínum með eftirfarandi bókun:

Tillaga um að hefja nú þegar framkvæmdir við lagningu gervigrasvallar er ekki tímabær þar sem ekki liggja fyrir nægilega ítarlegar upplýsingar um kostnað og mögulega áfangskiptingu verksins. Ennfremur er ljóst að á samþykkttri

fjárhagsáætlun til næstu þriggja ára er gert ráð fyrir að þessi framkvæmd hefjist árið 2011. Til að breyta þeim áformum þurfa að liggja fyrir mun nákvæmari upplýsingar en hér er lagt upp með.

Tillaga A-listans er óábyrg þar sem ekki liggur fyrir kostnaðargreining á heildarkostnaði við verkið. Það er alveg ljóst að gervigrasvöllur verður ekki byggður fyrir 40 milljónir þannig að A-listinn er að leggja til umtalsverða lántöku á yfirstandandi ári sem er á skjön við málflutning þeirra í aðdraganda kosninga. Ennfremur vekur það furðu ef ætlun A-listans er sú að leggja gífurlegt sjálfboðastarf á herðar örfárra forsvarsmanna knattspyrnudeildar Hamars. Fyrir liggur í samþykktri fjárhagsáætlun til næstu þriggja ára að gert er ráð fyrir framkvæmdum við gervigrasvöll árið 2011. Til að breyta þeim áformum þurfa að liggja fyrir mun nákvæmari upplýsingar en hér er lagt upp með.

Eyþór H. Ólafsson
Unnur Þormóðsdóttir
Guðmundur Þór Guðjónsson
Aldís Hafsteinsdóttir
Ninna Sif Svavarsdóttir.

Kl. 17:42 var gert fundarhlé.

Kl. 17:56 hélt fundur áfram.

Fulltrúar A-listans lögðu fram eftirfarandi bókun:

Bæjarfulltrúar A- listans hafa aldrei haldið fram að hægt sé að byggja gervigrasvöll fyrir 40 mkr. Fyrir liggur kostnaðargreining sem knattspyrnudeild Hamars hefur látið gera sem hljóðar upp á u.þ.b. 110 mkr. Hamarsmenn gera ráð fyrir að með eigin vinnuframlagi og styrkjum sé hægt að koma þessum kostnaði niður í 90 mkr. Lánsþörf til verkefnisins er því einungis 50 mkr. Bæjarfulltrúar A - listans telja þessa lántöku verjandi þar sem hér er um mjög góða fjárfestingu að ræða í nafni uppbyggingar íþróttastarfs í Hveragerði.

Róbert Hlöðversson
Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir

9. Atvinnumálanefnd (dagskrárliður að ósk A-lista).

Fulltrúar A-listans lögðu fram eftirfarandi tillögu:

Bæjarfulltrúar A-listans leggja til að Atvinnumálanefnd verði endurvakin.

Greinargerð:

Bæjarfulltrúar A-listans telja að nauðsynlegt sé að endurvekja atvinnumálanefndina í þeim tilgangi að efla atvinnulíf í Hveragerði. Atvinnumálanefnd yrði falið að greina styrk- og veikleika bæjarins í atvinnumálum og í framhaldinu móta atvinnustefnu Hveragerðisbæjar.

Róbert Hlöðversson
Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir

Eftirtaldir tóku til máls: Róbert Hlöðversson, Guðmundur Þór Guðjónsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Eyþór H. Ólafsson, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir og Unnur Þormóðsdóttir.

Tillagan felld með 5 atkvæðum meirihlutans, fulltrúar minnihlutans með.

Fulltrúar meirihlutans gerðu grein fyrir atkvæði sínu með eftirfarandi bókun: Meirihlutinn minnir á einróma samþykkt allra bæjarfulltrúa í bæjarstjórn Hveragerðisbæjar frá 12. nóvember 2008 þar sem gerðar voru breytingar á stjórn og fundarsköpum bæjarstjórnar. Í þeim tillögum var atvinnumálanefnd lögð niður og verkefni hennar felld undir bæjarráð og bæjarstjóra. Hefur þessi ákvörðun mælst vel fyrir og þeir aðilar sem sótt hafa upplýsingar og aðstoð í þessum efnum sérstaklega haft á orði hversu stuttar og skilvirkar boðleiðir hér í Hveragerði eru. Alltaf má þó gera betur í þessum efnum og því munu allir sem koma að uppbyggingu atvinnulífs í Hveragerði herða róðurinn með það að markmiði að halda þeim störfum sem hér eru og með öllum tiltækum ráðum byggja upp enn öflugra atvinnulíf en hér er í dag.

Eyþór H. Ólafsson
Unnur Þormóðsdóttir
Guðmundur Þór Guðjónsson
Aldís Hafsteinsdóttir
Ninna Sif Svavarsdóttir.

Fundargerðin upp lesin og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:33

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Róbert Hlöðversson, (sign).

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign).

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, (sign).

Eyþór H. Ólafsson, (sign)

Guðmundur Þór Guðjónsson, (sign).

Ninna Sif Svavarsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)